

NÁMSLÝSING

STARF Í UMÖNNUN

Námskrá: Smiðja 2 – 1



FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ
ATVINNULÍFSINS

NAFN NÁMSLÝSINGAR

Umönnunarsmiðja – í samræmi við námskrá Smiðja 2 – 1 (23-556-2-160)

VINNUSTUNDIR NEMA

Klukkustundir 160

HVERJUM ÆTLAÐ

Fullorönu fólki á vinnumarkaði 18 ára eða eldra með stutta skólagöngu að baki

FJÖLDI EININGA

8 framhaldsskólæiningar

ÚTGEFANDI

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

1. útgáfa 2024

Gert af: Mími símenntun

- Staðfest af FA samkvæmt reglum v-hæfniviðmiða námskrár

Efnisyfirlit

NOTKUN HUGTAKA Í NÁMSLÝSINGUM FA	2
NÁMSLÝSING	2
INNTÖKUSKILYRÐI	3
HÆFNIVIÐMIÐ NÁMSKRÁR SMÍÐJA 2-1	3
UMFANG OG INNIHALD	3
SKIPULAG	3
HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR UM FRAMKVÆMD	4
ALMENNAR UPPLÝSINGAR TIL FRÆÐSLUAÐILA/ LEIÐBEINENDA	4
NÁMSPÆTTIR	5
YFIRLITSTAFLA	5
VERKEFNI Í SMÍÐJU 2 – 1.1 F-SMÍÐ 1 VA (27)	6
<i>Lýsing</i>	6
VERKLAG OG VINNUBRÖGD 2 – 1.2 F-SMÍÐ 1 VE (1)	7
<i>Lýsing</i>	7
<i>Námsmat</i>	7
ÞJÁLFUN OG SJÁLFSTÆÐ VINNA, SMÍÐJA 2 – 1.3 F-SMÍÐ 1 ÞS (1)	8
<i>Lýsing</i>	8
<i>Námsmat</i>	8

Notkun hugtaka í námslýsingum FA

Vísast til vefsíðu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins <https://frae.is/namskra/hugtakalisti/>

Námslýsing

Námslýsingin er gerð út frá námskrá FA Smiðja 2 – 1, (23-556-2-160), í námskrárgrunni Menntamálastofnunar og á vef FA.

Námslýsingin Starf í umönnun lýsir námi á 2. þrepi hæfniramma um íslenskt menntakerfi, skipt í 3 námsþætti. Megintilgangur með námi í Smiðju er að nemandur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkunnáttu, sköpunarkraft, samhæfingu og fjölbreytt tjáningarform. Námið er ætlað þeim sem vilja kynnast störfum og hugmyndafræði í umönnunarstörfum og þjálfar þátttakendur fyrir slíkt starf. Megináhersla með smiðjunni Starf í umönnun er að nemandur fái innsýn í helstu verkferla sem tengjast umönnunarstarfi með hagnýtri fræðslu og verklegri þjálfun. Þau taka virkan þátt í fjölbreyttum verkefnum sem leggja áherslu á virkni en sú reynsla mun nýtast við að bæta við sig frekari þekkingu, leikni og hæfni. Áhersla er á almenna starfshæfni námsfólks eins og hún hefur verið skilgreind hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA).

Markmið með náminu er að námsfólk öðlist skilning og getu til að vinna að einfaldari verkum í umönnunarstörfum. Þau geta nýtt kunnáttuna til að vinna að eigin verkum eða verkum undir leiðsögn reyndara starfsfólks. Áhersla er á að nemandur tileinki sér sjálfstæð og öguð vinnubrögð auk þess að efla samvinnu- og samskiptafærni sína. Jafnframt að þau afli sér þekkingar, leikni og hæfni með námi í gegnum vinnu sína.

Námið er 160 klukkustundir, sjá nánar í yfirlitstöflu á síðu 5, þrjár námsþættir og 8 einingar á framhaldsskólastigi.

Við námslok er möguleiki á að óska eftir mati á náminu í framhaldsskóla. Slíkt mat getur verið breytilegt eftir námsbrautum og skólum en skólastjórnendur hvers skóla eru ábyrgir fyrir mati skólans á námi frá öðrum fræðslustofnunum.

Eftirfarandi námslýsing er ætluð nimum, leiðbeinendum og fólki sem vilja bjóða nám af þessu tagi. Námslýsingin er einnig ætluð fólki sem vill leggja mat á námið fyrir starf, nám eða annað sem þetta nám kann að hafa þýðingu fyrir.

Inntökuskilyrði

Nemendur þurfa að hafa færni í íslensku sem samsvarar A.2 samkvæmt evrópska tungumálarammanum.

Hæfniviðmið námskrár Smiðja 2-1

Að loknu námi skal nemi búa yfir færni skv. eftirfarandi hæfniviðmiðum. Nánar er vísað til hæfniviðmiða fyrir einstaka námsþætti.

Þekking:

Nemi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helsta fagmáli í tengslum við verkefni smiðjunnar
- reglum, verkferlum og vinnubrögðum sem tilheyra starfinu
- eiginleikum og nýtingu efna við vinnslu verks í smiðju
- verkáætlun, verklýsingu og tengdum gögnum
- undirbúningi verks s.s. með einföldum skýringamyndum eða öðru
- virkni algengra áhaldna og tækja sem henta starfinu
- mikilvægi góðs sjálfstrausts í samskiptum.

Leikni:

Nemi skal hafa öðlast leikni í að:

- fylgja reglum, verkferlum og öðrum ákvörðunum á vinnustað
- vinna sjálfstætt og með öðrum að lausn verkefna
- nota mismunandi aðferðir sem hæfa verkefninu
- lesa og rissa einfaldar teikningar / skýringamyndir
- nota viðeigandi efni, meðhöndla þau m.a. til að ná fram ólíkum áhrifum
- beita viðeigandi fagþekkingu og þekkja fagmálið
- nota algeng áhöld og tæki.

Hæfni:

Nemi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- sýna fram á góðan undirbúning og öguð vinnubrögð
- leysa viðfangsefni / verkefni sem tilheyra starfinu
- fylgja fyrirfram ákveðnum reglum og verkferlum á vinnustað
- sýna jákvætt viðhorf til starfsins og axla ábyrgð á því
- vinna verkefnin sjálfstætt og í samstarfi við aðra
- þróa hugmyndir og hagnýta tækni
- fjalla um / ræða vinnuna út frá eigin túlkun.

Umfang og innihald

Námið er alls 160 klukkustundir og skiptist í þrjá námsþætti.

Skipulag

Viðurkenndur fræðsluaðili ber ábyrgð á framkvæmd námsins og skipar verkefnastjóra sem hefur umsjón með náminu og framkvæmd þess. Verkefnastjóri sér einnig til þess að námsþættir séu samþættir ef við á og tryggir rökréttu samfellu þeirra með leiðbeinanda. Fræðsluaðili/verkefnastjóri ber ábyrgð á að aðstaða henti verklegri þjálfun og er tengiliður við lykilstarfsfólk á vinnustað. Lögð er áhersla á að leiðbeinendur noti fjölbreyttar kennsluáðferðir sem henta fullorðnu fólki.

Mikilvægt er að leiðbeinendur séu fagfólk sem starfar öllu jöfnu við fagið sjálft og að námið fari að stórum hluta fram í aðstöðu sem alla jafna hentar starfsemi svo að nemi kynnist dæmigerðu umhverfi

Námið er verklegt og skiptist í þrjá hluta með verkefnavinnu. Stígandi er í sjálfstæði og ábyrgð á meðan námið stendur yfir en markmiðið er að byggja upp, styrkja og efla einstaklinginn til að öðlast þá færni sem starf við umönnun krefst, að gefa nemum verkfæri sem nýtast í starfi í umönnun og styðja við þá hæfni sem nemi þurfa til að þróa í námi og væntanlegu starfi. Nemi fær innsýn í helstu verkferla sem snúa að starfinu, taka

virkan þátt í náminu sem er bæði bóklegt og verklegt. Þá öðlast nemar aukna þekkingu á starfsumhverfi í umönnunarstöfum og mun sú reynsla nýtast fólki til að bæta við sig enn frekari þekkingu, leikni og hæfni sem krafist er í starfi við umönnun.

Áhersla er á umönnunarstörf á heimilum og stofnunum, réttindi og skyldur en um leið að nemar náí upp öryggi í starfi. Mikil hugmyndavinna fer fram, m.a. við að koma með nýngar í starfið út frá fyrri reynslu nemanna. Þriðji námsþátturinn snýst um vettvangsnám á viðeigandi vinnustað, þar sem nemar kynnast starfinu nánar og er jafnframt undirbúningur fyrir starf við umönnun. Með því að taka þátt í starfinu læra nemar um leið hvernig störf við umönnun eru á Íslandi. Að vettvangsnámi loknu koma nemar aftur í fræðslu og deila reynslu sinni af starfinu, tengja við aðra/fyrri námsþætti. Á seinustu vikum náms fer fram sjálfstæð hugmyndavinna m.a. við gerð hagnýts lokaverkefnis sem gjarnan getur orðið eitt af verkfærum í starfi.

Áhersla er á að nemar tileinki sér sjálfstæð og öguð vinnubrögð auk þess að efla samvinnu- og samskiptafærni sína. Jafnframt að nemar afli sér þekkingar, leikni og hæfni með námi í gegnum vinnu sína.

Hagnýtar upplýsingar um framkvæmd

Í upphafi eru viðfangsefni og skipulag námsins kynnt. Farið er yfir verklag og vinnubrögð, hvaða námsgögn er stuðst við og hvernig námsmati er hátað. Einnig er farið yfir verkefnaskil og nemar fá kynningu á tækjum og tólum sem ætlast er til að þeir noti á meðan á námi stendur. Nemar fara í starfsþjálfun og vinna síðan úr því með því að setja saman kynningar og kynna fyrir samnemum sínum.

Mikilvægt er að leiðbeinandi fari yfir þær kröfur sem gerðar eru til nema um viðveru þeirra á meðan námið stendur yfir og að þeim sé afhent stundatafla. Nauðsynlegt er að gera nemum grein fyrir þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra og hvaða kröfur þeir geta gert til annarra. Nemar fá kynningu á húsnæðinu sem námskeiðið fer fram í og þeim öryggisreglum og rýmingaráætlunum sem þar gilda.

Almennar upplýsingar til fræðsluaðila/ leiðbeinenda

Námið byggir á frammistöðu og ábyrgð einstaklingsins, samvinnu og samábyrgð nema og leiðbeinenda. Námssefni, framsetningu og framvindu náms skal sníða að forsendum fullorðinna. Námsárangur er ekki einungis vitnisburður um frammistöðu einstaklings heldur einnig um aðstæður til náms og árangur af samvinnu nema og leiðbeinenda.

Leiðbeinendur styðja við þróun nema og uppbyggingu náms. Við nám í smíðju hafa nemar tækifæri til að nýta eigin reynslu og afla nýrrar. Reynt er að tengja reynslu og veruleika nema við viðfangsefni námsins hverju sinni. Áhersla er á styrkleika hvers og eins, hvatningu í garð nemanna og að vinna traust þeirra. Veita skal leiðsögn og aðstoð í einstaklingsmiðuðu námi og laga kennslu að mismunandi námsnálgunum.

Leiðbeinandi þarf að þekkja algengar hindranir hjá fullorðnum nemum og geta brugðist við þeim á viðeigandi hátt. Áhersla á fjölbreyttar kennslu- og matsaðferðir til að koma til móts við mismunandi þarfir og óskir nemanna.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) gerir kröfu til þeirra sem heimild fá til að nota þessa námslýsingu um að formlegu gæðakerfi sem FA viðurkennir verði framfylgt við notkunina.

Námsþættir

Yfirlitstafla

Smiðja 2 – 1

Tafla 1: Heildarútlit, skipulag

Tími er í klukkustundum

Nafn námsþáttar	Skammstöfun namskra.is	Klst. heild	Klst. fræðslu	Klst. framlag - viðbót	Eining	Þrep
Verkefni í smiðju 2-1.1	F- SMID1VS ()	20	10	10	1	1
Verklag og vinnubrögð 2-1.2	F- SMID1VE ()	20	10	10	1	1
Þjálfun og sjálfstæð vinna 2-1.3	F- SMID2ÞS ()	120	68	52	6	2
Vinnuframlag nema		160	88	74	8	

Verkefni í smiðju 2 – 1.1

F-SMIÐ 1 VA (27)

Prep	1
Vinnustundir	20 (eða 10+10)
Námsgrein	Smiðja, verkefni #1
Viðfangsefni	Innihald námskeiðs, þarfagreining, félagslegt nám, grunnorðaforði, skipulag, verkdagbók, vinnuumhverfi

Lýsing

Tilgangur þessa námsþáttar er að nemar kynnist grundvallaratriðum smiðjunnar, verkefnum sem vinna skal, verkferlum og hverjar áherslur námsins eru. Mikilvægt er að strax við upphaf náms fá nemar að koma á framfæri fyrri menntun, reynslu og áhugasviði innan sviðsins svo nýta megi styrkleika og áhugasvið nema til að gera námið eins markvisst og mögulegt er. Hópurinn er eflur til samvinnu með ýmsum aðferðum, líkt og samvinnuleikjum og verkefnum en einnig er grunnorðaforði í störfum í umönnunarstörfum kynntur og þjálfður.

Hæfniviðmið 2 – 1.1

Þekking: Nemi hefur öðlast þekkingu og skilning á:

- grunnatriðum og verkefnum smiðjunnar
- hópavinnu og mikilvægi samstarfs innan hópa
- mikilvægi góðrar mætingar og virkrar þátttöku í námi.

Leikni: Nemi hefur öðlast leikni í að:

- fylgja reglum og fyrirmælum leiðbeinanda
- fylgja verklýsingum
- ræða framvindu mála / verks með algengu fagmáli
- skipuleggja nám sitt.

Hæfni: Nemi getur hagnýtt almenna þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- nota spil og leiki til að efla samskipta og samvinnufærni
- taka þátt í hópa og teymisvinnu
- þróa samskiptahæfni sína.

Námsmat

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema

Prep	1
Vinnustundir	20 (eða 10+10)
Námsgrein	Smiðja, verklag 2-1.2
Viðfangsefni	Samskipti, fagmál, vinnuumhverfi, aðstæður, starfsreglur, öryggi og heilsa, skyldur og trúnaður, réttindi

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins miðar að því að námsfólk þjálfist í notkun fagmáls á íslensku sem þarf til að tjá sig í umönnunarstarfi, kunni að eiga einföld samskipti við þjónustuþega og samstarfsfólk, komi fram af kurteisni og með fagmennsku að leiðarljósi. Nemar fá fræðslu um vinnuumhverfi og ábyrgð á eigin heilsu, öryggi og umhverfi. Nemar fá fræðslu um réttindi og skyldur á vinnustað auk trúnaðar sem krafist er í umönnunarstörfum. Nemar fá kynningu á starfsreglum og vinnuumhverfi í umönnunarstarfi, fá þjálfun í að bregðast við ýmsum aðstæðum sem gætu komið upp í starfi, þar sem krafist er viðbragða af fagmennsku. Þá er fjallað um mikilvægi trúnaðar í starfi í samræmi við Persónuverndarlög, 90/2018, eins og við á; lög um opinbera starfsmenn 70/1996 þar sem við getur átt.

Beitt verður fjölbreyttum kennsluaðferðum til að ná fram markmiðum. Áhersla er lögð á að námsfólk tileinki sér sjálfstæð, öguð og fagleg vinnubrögð, fái þjálfun í að beita útsjónarsemi í verkefnum og efli samvinnu- og samskiptafærni sína.

Hæfniviðmið 2 – 1.2

Þekking: Nemi hefur öðlast þekkingu og skilning á:

- grunn í fagmáli tengt umönnunarstarfi
- réttindum, skyldum og trúnaði sem krafist er í umönnun
- starfsreglum og vinnuferlum í umönnun
- vinnuumhverfi og ábyrgð á eigin heilsu í umönnunarstörfum.

Leikni: Nemi hefur öðlast leikni í að:

- eiga fagleg samskipti við þjónustuþega og samstarfsfólk
- bregðast af fagmennsku við aðstæðum sem geta komið upp í starfi.

Hæfni: Nemi getur hagnýtt almenna þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- vinna hefðbundin umönnunarstörf
- nota verklýsingar og verkferla á réttan hátt og fylgja þeim
- meta aðstæður, leita leiðsagnar og leysa úr málum sem krefjast faglegra viðbragða.

Námsmat

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema

Þrep	2
Vinnustundir	120 klst. (eða 68+52)
Námsgrein	Smiðja, verkefni 2-1.2
Viðfangsefni	Samskipti, vinnuumhverfi, skapandi smiðjur, vettvangsnám, lokaverkefni.

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að veita námsfólki innsýn í vinnustaði og starfshætti í umönnun, auk þess að þjálfna það í að tjá sig á fagmáli og taka þátt í samskiptum við skjólstæðinga og annað starfsfólk af kurteisi með fagmennsku að leiðarljósi. Nemendur fá fræðslu um hvernig skipulagning á umönnunarstarfi fer fram og kynnast ólíkum áherslum vinnustaða eftir stefnu þeirra.

Nemendur fá tækifæri til að taka þátt í daglegu starfi á vettvangi í formi fjögurra daga vettvangsnáms, samtals 20 klukkustundir, þar sem væntingar og skyldur sem fylgja starfinu eru kynntar. Rætt er um væntingar og skyldur nema til vettvangsnámsins og unnið er að undirbúningi þess með verkefnalistum og áherslum sem nemendur skulu afla sér þekkingar og skilnings á. Ríft er upp réttindi og skyldur starfsfólks í umönnunarstarfi. Nemar þjálfast í að taka þátt í skipulögðu starfi í umönnun, meðal annars á hjúkrunarheimilum eða í starfi með fötlðu fólki, með þátttöku í daglegu starfi, aðstoða við matmálistíma og læra að nota hjálpartæki í umönnun. Nemar fá þjálfun í að nota skapandi aðferðir, svo sem hreyfingu, tónlist og listastarf, til að stuðla að vellíðan og virkni þjónustuþega.

Eftir vettvangsnámið vinna nemar verkefni og kynna þau verkefni sem þau tóku þátt í, hugmyndir sem komu upp, og tengja vettvangsnám við námsefnið. Þeir nýta hugmyndirnar áfram í verkefnavinnu og vinna sjálfstætt lokaverkefni, að eigin vali, sem tengist umönnunarstarfi og byggir á reynslu af vettvangi.

Lokaverkefnið er unnið með stuðningi frá leiðbeinanda en er að mestu sjálfstætt og lagt er upp með að það sé einstaklingsverkefni.

Auk þess er áhersla lögð á að nemendur læri að vinna sjálfstætt, öguð og fagleg vinnubrögð, beiti rökhugsun og útsjónarsemi, og efla samvinnu- og samskiptahæfni sína. Nemendur kynnast einnig íslenskum siðum og venjum og fá innsýn í hvernig þær tengjast starfi og vinnustaðamenningu í umönnun.

Hæfniviðmið 2 – 1.3

Þekking: Nemi hefur öðlast þekkingu og skilning á:

- grunnfagmáli í umönnunarstarfi.
- réttindi, skyldum og trúnaði á vinnustað.
- starfsháttum og skipulagi vinnustaða í umönnun.
- starfsreglum og vinnuumhverfi í umönnun.
- notkun hjálpartækja við umönnun.
- skapandi aðferðum sem stuðla að vellíðan og virkni þjónustuþega.
- helstu siðum og venjum í íslensku samfélagi.

Leikni: Nemi hefur öðlast leikni í að:

- skilja samræður og stutta texta tengda umönnun
- Þekkja skil á réttindum og skyldum í umönnunarstarfi
- taka þátt í daglegu starfi á vinnustað
- halda trúnaði skv. reglum vinnustaðar.

Hæfni: Nemi getur hagnýtt almenna þekkingu og leikni sem aflað hefur verið til að:

- sýna fagleg samskipti við þjónustuþega og samstarfsfólk
- tryggja öryggi fyrir sig og þjónustuþega
- miðla hugmyndum og upplýsingum sem nýtast í starfi til samstarfsfólks
- taka þátt og aðstoða við tónlistartengdar athafnir, hreyfiæfingar og listastarf með þjónustuþegum.

Námsmat

Símat með fjölbreyttum matsaðferðum og áherslu á leiðsagnarmat sem byggir á vinnu og virkni nema.

